



Fundargerð

Þriðjudaginn 23. nóvember 2021 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólabjónustu A-Hún kl. 16:00. Fundurinn var fjarfundur og notast við Teams. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Péturína L. Jakobsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Jón Örn Stefánsson, varamaður, ásamt framkvæmdastjóra Alexöndru Jóhannesdóttur.

Alma Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður heimilis fyrir fatlað fólk að Skúlabraut 22 sat fundinn undir 1. dagskrárlið. Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri sat fundinn undir 1.-3. lið. Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri og Eydís Inga Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri Sæborgar sátu fundinn undir 1-6. lið.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla forstöðumanns heimilis fyrir fatlað fólk að Skúlabraut 22

Alma Dögg Guðmundsdóttir, nýr forstöðumaður, fór yfir ýmis atriði varðandi rekstur og starfsemi heimilis fyrir fatlað fólk að Skúlabraut 22 á Blönduósi. Farið var yfir framkvæmdaþörf og forgangsöröðun verkefna en mikil þörf er á því að bæta starfsaðstöðu m.a. með úrbótum á salernisaðstöðu bæði fyrir starfsfólk og íbúa. Fram kom að gert er ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2022 að skipt verði um glugga í öllu húsinu og keypt verði lyftubaðkar til þess að bæta vinnuaðstæður starfsmanna og bæta þjónustu við íbúa. Þá verður einnig ráðist í nauðsynlegar breytingar á baðherbergi, bæði á sturtuklefa og með tilliti til nauðsynlegra búnaðakaupa og úrbóta á aðstöðu. Rætt var um nauðsyn þess að ráðast sem fyrst í nýbyggingu á íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á Blönduósi, en fyrirhugað er að meirihluti aðildarsveitarfélaga að samningi um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra standi að stofnun sjálfseignarstofnunar sem mun byggja og reka íbúðarkjarna.

Skýrsla forstöðumanns var lögð fram til kynningar.



2. Skýrsla fræðslustjóra

Fyrir fundinum lá skýrsla fræðslustjóra sem Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri fór yfir. Bæði varðandi sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og þróunarvinnu skólanna. Félags- og skólaþjónustu. Fram kom að Félags- og skólaþjónusta A-Hún hafi hlotið styrk úr Sprotasjóði fyrir verkefnið Lærdómssamfélagið A-Hún að upphæð 1.9 m.kr. Í fjárhagsáætlun er óskað eftir 20% aukningu við stöðugildi fræðslustjóra þar sem kröfur eru að aukast hjá skólaþjónustu. Með nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er gerð meiri krafa um kennsluráðgjöf og þjónustu. Þá er óskað eftir 1,5 mkr. aukningu í fjárhagsáætlun vegna sálfræðiþjónustu en þörfin þar virðist vera að aukast.

Skýrsla fræðslustjóra var lögð fram til kynningar.

3. Skýrsla félagsmálastjóra

Fyrir fundinum lá skýrsla félagsmálastjóra sem Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri fór yfir. Helstu þættir sem komu fram í máli félagsmálastjóra voru m.a.:

a. Barnavernd:

Vinna er hafin við innleiðingu laga um samþættingu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Félagsmálastjóri og fræðslustjóri hafa verið skipaðir fulltrúar byggðasamlagsins í þessari vinnu og munu sinna tengiliðahlutverki við ráðuneyti og aðra sem tengjast verkefninu og innleiðingu.

Álag í barnavernd heldur áfram að aukast en fram kom að nýr starfsmaður verði ráðinn inn í félagsþjónustuna í byrjun næsta árs sem mun starfa við ýmis vekerfni innan félagsþjónustunnar sem léttir undir með öðrum starfsmönnum sem sinna barnavernd.

b. Geðheilbrigðismál

Unnið er að úrbótum í sálfræðiþjónustu fyrir fullorðna á svæðinu til þess að fólk geti í auknum mæli sótt þá þjónustu á heilsugæslu í heimabyggð.

c. Málefni aldraðra

Þjónusta við málefni aldraðra fer vaxandi og kröfur að aukast samhliða hækkuðum aldri íbúa í samfélaginu. Lögð er áhersla á að auka og bæta þjónustu við þennan hóp þjónustuþega. Horft er til þess að nýr starfsmaður sinni þessum málaflokki og stuðli að því að þjónustan komist í betri farveg.



Skýrsla félagsmálastjóra var lögð fram til kynningar.

4. Skýrsla forstöðumanns Sæborgar

Í máli forstöðumanns kom fram bæta þurfi við hjúkrunarrými til þess að bæta reksturinn vegna aukinnar mönnunar, en á Sæborg eru nú 8 hjúkrunarrými og 1 hvíldarrými sem öll eru fullnýtt. Eitt herbergi er ónotað en ekki hefur fengist samþykki hjá Sjúkratryggingum Íslands og Heilbrigðisráðuneytinu til þess að bæta við hjúkrúnarrými.

Fram kom að nauðsynlegt sé að gera ákveðnar breytingar á mönnun þar sem að þjónustuþörf inná Sæborg er að þyngjast. Farið var yfir þörf á nauðsynlegum framkvæmdum og forgangsörðun verkefna. Búið er að gera ráð fyrir umfangsmiklum framkvæmdum á næsta fjárhagsári og fyrirhugað að sækja um styrk vegna framkvæmda í framkvæmdasjóð aldraðra til þess að mæta hluta af kostnaði. Skýrsla forstöðumanns var lögð fram til kynningar.

5. Fjöldi hjúkrunarrýma á Sæborg

a. Erindi hjúkrunarforstjóra til Heilbrigðisráðuneytis dags. 3. nóvember 2021

Fyrir fundinum lá erindi hjúkrunarforstjóra Sæborgar til Heilbrigðisráðuneytis dags. 3.11.2021. Með erindinu er óskað eftir því að Sæborg verði úthlutað einu hjúkrunarrými til viðbótar við þau sem heimilið hefur nú þegar. Ástæða beiðinnar er vaxandi þörf fyrir hjúkrunarrými í Austur Húnavatnssýslu og á landinu öllu, en Sæborg hefur undanfarið tekið við sjúklingum til tímabundinnar hvíldarinnlagnar frá sjúkrahúsum á Norðurlandi vestra auk þess að létta undir með Landspítalanum þegar þörf er á því. Öll þau níu rými sem Sæborg hefur heimild fyrir eru fullnýtt og eru það að jafnaði. Á Sæborg stendur autt herbergi sem hægt væri að nýta fyrir tíunda rýmið og þar með bæta þjónustu í heimabyggð og treysta rekstur starfseminnar. Þegar erindið var ritað voru sex aðilar á biðlista.

b. Svar Heilbrigðisráðuneytis dags. 15. nóvember 2021

Fyrir fundinum lá svar ráðuneytis varðandi beiðni um aukningu á hjúkrunarrýmum á Sæborg sbr. liður 5. a). Í svari ráðuneytis kemur fram að ákvörðun um fjölda hjúkrunarrýma byggist fyrst og fremst á því hversu mörg hjúkrunarrými eru í



Félags- og skólabjónusta A- Hún

einstökum byggðarlögum eða landssvæðum miðað við fjölda aldraðra á svæðinu. Einnig er horft til biðlista og lengdar meðal biðtíma eftir hjúkrunarrýma á hverjum stað. Erindum um fjölgun hjúkrunarrýma er forgangsraðað miðað við framangreint. Í ljósi þessa taldi ráðuneytið ekki unnt að fjölga hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilinu Sæborg á Skagaströnd.

6. Fjárhagsáætlun 2022 – fyrri umræða

Framkvæmdastjóri lagði fram forsendur að fjárhagsáætlun vegna 2022 samhliða áætlun og skýrði helstu liði hennar. Þá var lagt fram og farið yfir innbyrðis kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna og þær forsendur sem liggja til grundvallar skiptingunni. Gert er ráð fyrir umtalsverðri aukningu á framlögum á milli ára vegna aukins þunga í rekstri lögbundinna verkefna sem felur m.a. í sér aukningu á heilu stöðugildi í félagsþjónustu og 20% aukningu á stöðugildi á fræðsluskrifstofu. Það er áhyggjuefni að framlög vegna reksturs Sæborgar eru einnig að aukast verulega á milli ára. Greiðslur ríkisins eru ekki fullnægjandi til þess að standa undir lágmarksviðmiðum um fjölda starfsfólks í umönnun íbúa sem leiðir til aukinna rekstrarframlaga sveitarfélaganna með starfsemi. Stjórn ræddi áætlunina og vísaði henni til síðari umræðu.

7. Starfsmannamál

Afgreiðsla stjórnar bókuð í trúnaðarbók.

8. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og var honum slitið kl. 18:35.

Stjórn

Jón Gíslason

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Jón Örn Stefánsson

Starfsmenn

Alexandra Jóhannesdóttir